



Slys við frystitæki á vinnslupilfari

Mál nr. **2025-017-S-009 Guðmundur í Nesi RE 13**

Dagsetning: **22. janúar 2025**

Staðsetning: **Víkuráll**

Atvik: **Skipverji slasast er hann fékk frystipönnur á sig**

Samantekt

Þann 22. janúar 2025 var Guðmundur í Nesi að veiðum í Víkurál. Veður var SSA 18-20 m/sek og töluverður sjór. Þá stóð vindurinn þvert á stjórnborðssíðu skipsins.

Skipverji var að tæma frystitæki á vinnslupilfari þegar skipið valt en við það rann stafli af fullum frystipönnum af stað og festist maðurinn undir þeim og slasaðist. Haft var samband við lækni og í framhaldinu var farið með hinn slasaða til Ísafjarðar til frekari skoðunar.

1. Helstu staðreyndir

Guðmundur í Nesi RE 13

Skipaskrár nr. 2626

Útgerð: Útgerðarfélag Reykjavíkur hf

Smíðaður: Tomrefjord Noregi, 2000

Stærð: 2464 BT

Mesta lengd: 66,0 m

Breidd: 14,0 m

Vél: WARTSILA 5520 kW

Fjöldi skipverja: 24



Gögn:

Landhelgisgæslan

RNSA

2. Atvikalýsing

Um kl. 10:50 þann 22. janúar 2025 var Guðmundur í Nesi að veiðum austast í Víkurál. Veður var slæmt suð-suð austan 18-20 m/sek. og talsverður sjór. Stóð aldan þvert á skipið stjórnborðsmegin.

Hinn slasaði var við vinnu á vinnslupilfari að tæma svokallað lárétt frystitæki (sjá mynd nr. 1). Það eru fimm pönnur í hverri frystiplötu og eru fimmtán plötur í tækinu samtals 75 pönnur ef frystitækið er fullt. Vinnureglan var að það eru fjórir til fimm menn að tæma frystitækið og eru þá tveir til þrír á bak við tækið og ýta pönnunum út og tveir fyrir framan og taka á móti þeim og raða í sérstakan úrsláttarvagn og þurfa þá ekki að standa ofan í honum eins og í þessu tilfelli. (sjá mynd nr. 2).

Hinn slasaði var einn að losa frystitækið og stóð þá uppi í úrsláttarvagninum og dró pönnurnar til sín. Til þess að gera það er frystitækið opnað þ.e. frystiplötunum er lyft og var byrjað að losa neðstu pönnurnar fyrst. Hann byrjaði bakborðsmegin neðst í tækinu og tók pönnu og svo þá fyrir ofan og svo koll af kolli þar til hann var búinn að stafa öllum 15 upp og byrjaði þá á röðinni við hliðina. Hann var búinn að taka u.þ.b. þrjár raðir af pönnum úr frystitækinu samtals u.þ.b. 45 pönnur og stóð bakborðs megin við pönnurnar sem voru komnar í vagninn. Skipið lagðist á stjórnborðhliðina að sögn hins slasaða þ.e. frá honum og reyndi hann að halda við stæðuna til að koma í veg fyrir að stæðan myndi falla á hann þegar skipið færi aftur yfir í bakborða. Hann náði ekki að halda pönnunum og fékk

þær yfir sig og festist neðri hluta líkamans undir pönnunum. Vinnufélagar hans komu honum til aðstoðar og var hann studdur upp í sjúkraklefa skipsins.

Skipstjórinn hafði samband við lækni og í framhaldi af því var ákveðið að halda með hinn slasaða til Ísafjarðar. Þangað var komið um miðnættið og tók lögreglan skýrslu af skipstjóranum. Sjúkrabíll flutti hinn slasaða á sjúkrahús þar sem hann var myndaður. Hann reyndist ekki brotinn og var hann útskrifaður af sjúkrahúsinu um kl. eitt um nóttina.

Hinn slasaði fór til Reykjavíkur daginn eftir til rannsóknar.




Pönnur. 5 í hverri hæð

Frystiplötur 16 plötur samtals 15 hæðir af pönnum

Úrsláttarvagn sem frystipönnunum er staflað í

Mynd 1, lárétt frystitæki



Úrsláttarvagn
sem
frystipönnunum
er staflað í

Mynd 2, úrsláttarvagn

3. Greining

Um borð í Guðmundi í Nesi eru ekki skrifaðar vinnureglur um hvernig frystitæki skuli tæmd. Engu að síður er nýliðafræðsla þar sem farið er yfir verklag við úrslátt úr láréttum frystitækjum. Einnig er kennd umgengni við úrsláttarvagn og þær hættur sem skapast í veltingi. Nýliðafræðslan er á ábyrgð og framkvæmd af vinnslustjóra og vaktformanni.

Eins og fram hefur komið þá var vinnureglan við að tæma frystitækin sú að fimm menn unnu það verk. Að sögn hins slasaða var það þó alsíða að einungis einn sá um verkið þegar veður var gott og menn ákváðu það sjálfir hvort það væri óhætt eða ekki vegna veðurs. Að sögn hins slasaða voru færri menn í vinnslunni en venjulega. Venjulega eru níu menn við vinnu á vinnsluþilfari en þarna voru þeir einungis fimm þar sem fjórir voru við vinnu við veiðarfærin á efra þilfari. Að sögn stýrimanns var bannað að viðhafa þá vinnuaðferð sem hinn slasaði beitti heldur áttu alltaf að vera fleiri til að koma í veg fyrir að staðið sé ofan í úrsláttarvagninum. Hinn slasaði talaði um að álag væri mikið á menn í

vinnslunni sérstaklega þegar vantaði menn þar vegna annara starfa svo sem við veiðarfæri. Vegna þessa hefði hann freistast til að tæma frystitækið einn þó hann vissi að því fylgdi áhætta.

Nýliðafræðsla er um borð og skráning slysa og næstum því slysa sem skipstjórnarmenn nota til að bæta aðbúnað með tilliti til öryggis.

Verið er að innleiða öryggisstjórnkerfi.

4. Niðurstöður

Ástæðu slyssins má rekja til þess að verklagi var ekki fylgt.

Skýrsluna samþykktu til útgáfu:

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Pálmi Jónsson

Jón Finnbjörnsson

Kópavogi 12. febrúar 2026

F.h. Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Jón Pétursson rannsóknarstjóri siglingasviðs.



